

AUGLÝSING

um umferð í Reykjanesbæ.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur á fundi 16. desember 2025, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á Suðurnesjum, samþykkt eftirfarandi:

1. Götur vestan við Fitjabraut fái biðskyldu í stað hægri réttar, við Fitjabraut 2, Fitjabraut 12 og Fitjabraut 30.
2. Einstefna verður um Hólagötu frá Bolafæti að Borgarvegi.
3. Tvístefna verður um Hólagötu frá Borgarvegi og frá Hjallavegi.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, nr. 250/2024.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Reykjanesbæ, 17. desember 2025.

Kjartan M. Kjartansson bæjarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 9. janúar 2026